

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2021

**Efni: Tilkynning vegna umsóknar Veiðifélags Ytri-Rangár um rekstrarleyfi landeldis þar sem sótt er um leyfi fyrir 40 tonna lífmassa á ári**

Veiðifélag Ytri-Rangár, kt. 691092-2599, tilkynnir hér með Skipulagsstofnun um að félagið hefur sótt um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar á grundvelli laga nr. 71/2008 um fiskeldi og vegna landeldisstöðvar félagsins í Húsafelli, Borgarbyggð. Með umsókninni sækir veiðifélagið um leyfi fyrir framleiðslu allt að 40 tonnum á ársgrundvelli. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi veiðifélagsins frá 7. janúar 2011 hefur stöðin leyfi til framleiðslu 300.000 seiða þar sem stærð þeirra er allt að 40g hvert seiði. Núgildandi starfsleyfi rennur út 1. janúar 2023. Veiðifélagið hefur einnig sent inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi stöðvarinnar í tengslum við leyfisumsóknirnar og mun hún fara fram með óbreyttu sniði frá fyrra horfi. Þá eru engar framkvæmdir áætlaðar í tengslum við umsóknirnar. Framangreindum umsóknum er eingöngu ætlað að endurnýja gildandi leyfi fyrir starfsemina og koma leyfismálum í samræmi við núgildandi lög og reglur um lífmassa í stað fjölda seiða sem áður var miðað við, sbr. gildandi starfsleyfi.

Rekstur eldisstöðvarinnar í Húsafelli hefur gengið vel í áratugi og er reglulegt eftirlit frá dýralækni með stöðinni. Stöðin er aðeins notuð til að framleiða gönguseiði fyrir laxveiðiár úr náttúrulegum laxastofni. Þá er stöðvarstjóri menntaður fiskeldisfræðingur frá Háskólanum á Hólum og býr yfir 19 ára starfsreynslu í laxeldi.

### Lífmassi

Lífmassi í stöðinni er mjög breytilegur. Seiði eru flutt úr stöðinni í laxveiðiár árlega í maí mánuði. Um miðjan maí mánuð eru því hverju sinni um það bil 500 kg af seiðum í kerjum stöðvarinnar. Lífmassi í stöðinni fer síðan hækkandi með hverju mánuði sem nemur um 2.500 kg mánaðarlega. Mestur verður lífmassinn í stöðinni um 33 tonn í lok apríl mánaðar hvert ár.

### Losun næringarefna

Losun næringarefna í viðtaka verða óbreytt. Engin breyting er fyrirhuguð á starfseminni með fyrrnefndum umsóknum um rekstrar- og starfsleyfi. Meðfylgjandi tilkynningu þessari eru mælingarniðurstöður í stöðinni framkvæmdar af Sýni ehf.

### Frárennsli og hreinsun

Frárennsli úr stöðinni liggur í settjörn við stöðina. Mokað er úr settjörnninni árlega og dreift á mela til uppgræðslu.

## Sleppivarnir

Ryðfríar ristar úr stáli eru í öllum niðurföllum stöðvarinnar til að varna því að seiði sleppi úr stöðinni.

## Vatnsnotkun

Stöðin hefur aðgengi að 126 l/sek. af köldu vatni og 10 l/sek. af heitu vatni. Vatnsnotkun stöðvarinnar er þó langt undir því magni sem aðgengi er að.

## Skipulag og verndarákvæði

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 stendur eldisstöðin að Húsafelli innan náttúruverndarsvæðis N13, Húsafell (N13), sem er í flokki annarra náttúruverndarsvæða samkvæmt aðalskipulaginu og ekki friðlýst svæði. Veiðistöðin er utan skilgreindra vatnsverndarsvæða.


\*\*\*

Í samræmi við kröfur umsóknarferlis um rekstrarleyfi hjá Matvælastofnun og starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun er veiðifélaginu nauðsynlegt að fá álit Skipulagsstofnunar á því hvort fyrrnefndar umsóknir kalli á mat á umhverfisáhrifum. Með tilkynningu þessari er þess því óskað að stofnunin gefi upp álit sitt í þeim efnum.

Meðfylgjandi tilkynningu þessari eru umsóknir veiðifélagsins um rekstrar- og starfsleyfi til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar ásamt fylgigögnum sem fylgdu þeim umsóknum. Veiðifélagið veitir frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Tengiliður veiðifélagsins: Jón Guðjónsson, s. 848 2245 / [hofdaholt1@simnet.is](mailto:hofdaholt1@simnet.is) / [laxeyri@emax.is](mailto:laxeyri@emax.is)

Virðingarfyllst,  
f.h. Guðjóns Ármannssonar, hrl.

  
Sigurður Ágústsson, hdl.